

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur veitt Sorpeyðingu Mið-Héraðs í Tjarnarlandi, Hjaltastaðahá, kt. 700492-2069, starfsleyfi til að reka sorpurðunarstað. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2005.

Hollustuvernd ríkisins, 2. janúar 2002.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson
forstöðumaður.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í landi Reykjadal í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Á fundi bæjarstjórn þann 5. desember 2001 var samþykkt tillaga um breytingu á deiliskipulagi fyrir land Reykjadal í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Skipulagstillagan tekur til alls lands Reykjadal og gerir ráð fyrir byggingarreit er tengist núverandi mannvirkjum á landinu. Einnig er útbúinn lóð á norðurmörkum landsins sem er u.þ.b. 1 ha að stærð, með byggingarreit fyrir íbúðarhús og ylraekt. Vegur á norðurmörkum landsins er færður til, þannig að hann lendi á landamörkum aðliggjandi landa.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 8. janúar 2002

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugvallar á Tungubökkum í Mosfellsbæ.

Á fundi bæjarstjórnar þann 5. desember 2001 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi flugvallar á Tungubökkum í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Breytingin felst í því að byggingarreitur fyrir vestasta flugskýlið á Tungubökkum er stækkaður og færður til suðurs, legu aðkomuvegar breytt, reiðgata norðan aðkomuvegar er færð inn, lengd varaflugbrautar (öryggissvæðis) er leiðrétt.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 8. janúar 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 2002 vera 570.000 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 2002.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 411, 18. júní 1999, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna: „31. desember 2001“ í B. lið 2. gr. komi: 1. ágúst 2002.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegráðuneytinu, 11. janúar 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.